

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 30

10. árgangur

12.6.2003

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

2003/EES/30/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3134 – Arcelor/Umicore/Duology JV)	1
2003/EES/30/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3184 – Wolseley/Pinault Bois & Matériaux)	2
2003/EES/30/03	Ríkisaðstoð – Mál nr. C 21/03 – Bretland	3
2003/EES/30/04	Tölulegar upplýsingar um tæknilegar reglugerðir sem tilkynntar voru á árinu 2002 samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilskipun 98/34/EB	4
2003/EES/30/05	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun ráðsins 89/106/EBE	7
	3. Dómstóllinn	

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3134 – Arcelor/Umicore/Duology JV)**

2003/EES/30/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið Arcelor S.A. (Arcelor) og belgíska fyrirtækið N.V. Umicore S.A. (Umicore) öðlast sameiginlega yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir nýstofnuðu samáhættufyrirtæki (Duology) sem myndað verður með hlutum úr Considar Inc. og Considar Europe S.A. (dótturfyrirtækjum Arcelor) og hlutum úr Sogem S.A., UMS France og UMS Iberica (dótturfyrirtækjum Umicore).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Arcelor: framleiðsla og dreifing á stálvörum, verkfræðivinna og vöruframleiðsla fyrir stáliðnað, m.a. járnláusir málmar og járnbendi
 - Umicore: umbreyting, endurvinnsla og hreinsun járnláusra málma og framleiðsla og sala á öðrum skyldum vörum (sérvörum, kopar, sinki og eðalmálmum)
 - Duology: dreifing og sala á járnláusum málmum, járnbendi, oxíðum, málmstöltum, flatvölsuðum vörum, málmhleifum og málmsteypuvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 136, 11.6.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3134 – Arcelor/Umicore/Duology JV, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3184 – Wolseley/Pinault Bois & Matériaux)**

2003/EES/30/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júní 2003 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Wolseley Plc öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir öllu franska fyrirtækinu Pinault Bois & Matériaux S.A. (sem tilheyrir Pinault-Printemps-Redoute samsteypunni).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Wolseley Plc: dreifing á byggingarvörum, kyndi- og hreinlætisbúnaði og pípulagnavörum til atvinnufyrirtækja í Evrópu og Norður-Ameríku (í Frakklandi er starfsemi þess á vegum dótturfyrirtækisins Brossette sem dreifir kyndi- og hreinlætisbúnaði og pípulagnavörum)
 - Pinault Bois & Matériaux S.A.: dreifing á margvíslegum byggingarvörum í Frakklandi, timburinnflutningur og timburvinnsla fyrir franskan markað
 - Pinault-Printemps-Redoute: dreifing á munaðarvörum, heimilistækjum og húsgögnum, frístundavörum og menningarvörum í Frakklandi eftir ýmsum leiðum og framleiðsla og sala á munaðarvörum (í Frakklandi er starfsemi samsteypunnar meðal annars fólgin í dreifingu á rafmagnsvörum og rafmagnsíhlutum gegnum dótturfyrirtækið Rexel og dreifingu á byggingarvörum gegnum dótturfyrirtækið Pinault Bois & Matériaux).
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Endanlegri ákvörðun um þetta hefur þó verið frestað.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 137, 12.6.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3184 – Wolseley/Pinault Bois & Matériaux, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate B – Merger Task Force
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 21/03
Bretland

2003/EES/30/03

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna breskrar aðgerðaáætlunar á sviði úrvinnslu úr sorpi, sjá Stjtið. ESB C 129, 3. júní 2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum eins mánaðar frest frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri við:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
B-1049 Bruxelles/Brussel

Bréfasími: +32 (0) 2 296 12 42

Athugasemdum verður komið á framfæri við bresk stjórnvöld. Hagsmunaaðilum, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska þess skriflega að farið verði með nafn þeirra eða heiti sem trúnaðarmál, enda sé óskin rökstudd.

**TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM TÆKNILEGAR REGLUGERÐIR
SEM TILKYNNSTAR VORU Á ÁRINU 2002 SAMKVÆMT MÁLSMEÐFERÐINNI
SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í TILSKIPUN 98/34/EB**

2003/EES/30/04

Upplýsingar frá framkvæmdastjórninni í samræmi við 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglur um þjónustustarfsemi upplýsingasamfélagsins ⁽¹⁾

I. MISMUNANDI VIÐBRÖGD VIÐ DRÖGUM SEM AÐILDARRÍKIN HAFU TILKYNNT

Aðildarríki	Tilkynningar	Athugasemdir ⁽²⁾			Ítarleg álit ⁽³⁾		Frumvörp að bandalagsgerðum	
		Aðildarríki	Framkvæmdastjórnin	EFTA ⁽⁴⁾	Aðildarríki	Framkvæmdastjórnin	3. mgr. 9. gr. ⁽⁵⁾	4. mgr. 9. gr. ⁽⁶⁾
Belgía	59	40	34	0	22	10	2	1
Danmörk	30	9	5	0	16	3	1	0
Þýskaland	33	21	9	0	16	4	1	0
Spánn	33	10	12	0	7	6	1	0
Finnland	18	4	2	0	2	1	0	0
Frakkland	55	16	16	0	16	4	1	0
Grikkland	9	2	2	0	1	5	0	0
Írland	6	1	1	0	1	0	0	0
Ítalía	36	20	10	0	7	11	1	1
Lúxemborg	0	0	0	0	0	0	0	0
Holland	88	34	14	0	11	8	1	0
Austurríki	39	11	10	0	7	4	0	0
Portúgal	4	0	1	0	0	0	0	0
Svíþjóð	48	10	14	0	3	7	0	0
Breska konungsríkið	50	21	13	0	2	7	0	1
ESB SAMTALS	508	199	143	0	111	70	8	3

⁽¹⁾ Í tilskipun 98/34/EB frá 22. júní 1998 (Stjtið. EB L 204 frá 21. júlí 1998) er að finna samsteypta útgáfu á tilskipun 83/189/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum 88/182/EBE og 94/10/EB fyrst og fremst. Tilskipun 98/34/EB var breytt með tilskipun 98/48/EB frá 20. júlí 1998 (Stjtið. EB L 217 frá 5. ágúst 1998) og gildissvið hennar rýmkað þannig að það tæki til þjónustu upplýsingasamfélagsins. Þau ákvæði öðluðust gildi 5. ágúst 1999.

⁽²⁾ Sjá 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

⁽³⁾ Sjá 2. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar („Ítarlegt álit ... þess efnis að fyrirhuguð ráðstöfun kunni að hindra frjálsa vöruflutninga eða frelsi til að koma á þjónustustarfsemi á innri markaðinum“).

⁽⁴⁾ EFTA-rikin, sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, beita tilskipun 98/34/EB á grundvelli þess samnings með nauðsynlegum aðlögunarliðum sem kveðið er á um í 1. lið XIX. kafla II. viðauka, og er þeim því heimilt að gera athugasemdir við drög sem aðildarríki bandalagsins tilkynna. Sviss er einnig heimilt að gera slíkar athugasemdir á grundvelli óformlegs samnings um upplýsingaskipti á sviði tæknilegra reglugerða.

⁽⁵⁾ Í 3. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að aðildarríkin skuli fresta að samþykkja tilkynnt drög (önnur en drög að reglugerðum um þjónustustarfsemi) í 12 mánuði frá þeim degi er þau berast framkvæmdastjórninni, gefi hún til kynna að áformað sé að leggja til eða samþykkja tilskipun, reglugerð eða ákvörðun um málefnið.

⁽⁶⁾ Í 4. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að aðildarríkin skuli fresta að samþykkja tilkynnt drög í 12 mánuði frá þeim degi er þau berast framkvæmdastjórninni, gefi hún til kynna að drögin varði sama málefni og fyrirleggjandi tillaga að tilskipun, reglugerð eða ákvörðun sem hefur verið lögð fyrir ráðið.

II. YFIRLIT YFIR DRÖG SEM AÐILDARRÍKI ESB HAFU TILKYNNT, SUNDURLIÐUÐ EFTIR ATVINNUGREINUM

ATVINNUGREIN	B	DK	D	E	FIN	F	GR	IRL	I	L	NL	A	P	S	UK	ESB SAMTALS
Byggingar og mannvirki	3	1	11	6	5	7	0	1	3	0	5	11	1	2	3	59
Matvæli og landbúnaðarvörur	2	5	6	9	1	13	2	0	18	0	21	7	1	7	11	103
Kemísk efni	2	1	1	2	1	1	1	0	0	0	3	3	0	2	1	18
Lyf	0	1	2	1	1	4	0	0	3	0	1	0	0	0	5	18
Heimilistæki og tólmundavörur	10	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	1	7	0	20
Vélar	0	0	1	1	1	1	0	0	2	0	5	2	0	2	2	17
Orka, málmgrýti, viður	4	1	0	2	0	4	2	0	1	0	7	1	0	2	2	26
Umhverfismál, umbúðir	6	1	1	1	0	0	0	1	0	0	11	3	0	1	3	28
Heilbrigðisvörur, lækningatæki	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0	1	0	0	0	3
Flutningar	5	14	5	3	3	1	1	1	2	0	17	5	1	18	12	88
Fjarskipti	22	6	1	4	1	19	0	0	1	0	4	4	0	2	9	73
Ýmsar vörur	3	0	0	2	1	3	1	1	0	0	8	2	0	2	2	25
Þjónustustarfsemi upplýsingasamfélagsins	2	0	5	1	4	1	0	2	6	0	6	0	0	3	0	30
SAMTALS FRÁ HVERJU AÐILDARRÍKI	59	30	33	33	18	55	9	6	36	0	88	39	4	48	50	508

III. ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG SEM ÍSLAND, LIECHTENSTEIN, NOREGUR ⁽⁷⁾ OG SVISS ⁽⁸⁾ HAFU TILKYNNT

LAND	TILKYNNINGAR	ATHUGASEMDIR FRÁ EB ⁽⁹⁾
Ísland	4	4
Liechtenstein	6	1
Noregur	38	7
Sviss	7	2
SAMTALS	55	14

⁽⁷⁾ Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (sjá 4. nmgr.) er kveðið á um að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að honum, skuli tilkynna drög að tæknilegum reglugerðum til Eftirlitsstofnunar EFTA.

⁽⁸⁾ Á grundvelli óformlegs samnings um upplýsingaskipti á sviði tæknilegra reglugerða (sjá 4. nmgr.) sendir Sviss drög að tæknilegum reglugerðum til framkvæmdastjórnarinnar.

⁽⁹⁾ Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (sjá 4. og 7. nmgr.) er aðeins kveðið á um að bandalagið geti brugðist við með því að gera athugasemd (2. mgr. 8. gr. tilskipunar 98/34/EB, sbr. 1. lið XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn). Bandalagið getur gert sams konar athugasemdir við tilkynningar frá Sviss á grundvelli hins óformlega samnings milli bandalagsins og Sviss (sjá 4. og 8. nmgr.).

IV. YFIRLIT YFIR DRÖG SEM ÍSLAND, LIECHTENSTEIN, NOREGUR OG SVISS HAFA TILKYNNT, SUNDURLIÐUÐ EFTIR ATVINNUGREINUM

ATVINNUGREIN	ÍSLAND	LIECHTENSTEIN	NOREGUR	SVISS	SAMTALS Í EINSTÖKUM ATVINNUGREINUM
Matvæli og landbúnaðarvörur	3	0	3	2	8
Kemísk efni	0	2	1	0	3
Lyf	0	0	0	1	1
Orka	0	2	1	0	3
Umhverfismál, umbúðir	0	2	0	1	3
Flutningar	0	0	6	1	7
Fjarskipti	0	0	2	1	3
Ýmsar vörur	1	0	24	0	25
Þjónustustarfsemi upplýsingasamfélagsins	0	1	1	0	2
SAMTALS FRÁ HVERJU LANDI	4	7	38	6	55

V. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR FYRIR ÁRIÐ 2002 UM YFIRSTANDANDI MÁLSMEÐFERÐ VEGNA BROTA SEM HAFIN VAR SAMKVÆMT 226. GR. EB-SÁTTMÁLANS VEGNA INNLENDRA TÆKNILEGRA REGLUGERÐA SEM BRJÓTA Í BÁGA VIÐ ÁKVÆÐI TILSKIPUNAR 98/34/EB.

Samtals fyrir hvert aðildarríki

LAND	FJÖLDI
Belgía	3
Danmörk	0
Þýskaland	1
Spánn	3
Finnland	1
Frakkland	1
Grikkland	2
Írland	2
Ítalía	2
Lúxemborg	1
Holland	1
Austurríki	0
Portúgal	2
Svíþjóð	0
Breska konungsríkið	1
ESB SAMTALS	20

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á
tilskipun ráðsins 89/106/EBE**

2003/EES/30/05

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðla- stofnun (1)	Tilvísunarnúmer	Heiti staðalsins	Dagur sem staðallinn öðlast gildi sem evrópskur samhæfður staðall í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 89/106/EBE	Síðasti dagur sem báðir staðlar teljast gildir (2)
CEN	EN 40-5:2002	Ljósastaurar – 5. hluti: Kröfur til ljósastaura úr stáli	1.2.2003	1.2.2004
CEN	EN 40-6:2002	Ljósastaurar – 6. hluti: Kröfur til ljósastaura úr áli	1.2.2003	1.2.2004
CEN	EN 54-3:2001/ A1:2002	Brunaviðvörðunarkerfi – 3. hluti: Brunaviðvörðunarbúnaður – Hljóðgjafar	1.4.2003	30.6.2005
CEN	EN 54-5:2000/ A1:2002	Brunaviðvörðunarkerfi – 5. hluti: Hitaskynjarar – Punktuskynjarar	1.4.2003	30.6.2005
CEN	EN 54-7:2000/ A1:2002	Brunaviðvörðunarkerfi – 7. hluti: Reykskynjarar – Optískir og jónískir punktuskynjarar	1.4.2003	30.6.2005
CEN	EN 681-1:1996/ A2:2002	Gúmmikenndar þéttingar – Efniskröfur varðandi rörtengipéttingar sem notaðar eru í vatns- og frárennislagnir – 1. hluti: Hitahert gúmmí	1.1.2003	1.1.2004
CEN	EN 681-2:2000/ A1:2002	Gúmmikenndar þéttingar – Efniskröfur varðandi rörtengipéttingar sem notaðar eru í vatns- og frárennislagnir – 2. hluti: Hitadeigt gúmmíkennt efni	1.1.2003	1.1.2004
CEN	EN 681-3:2000/ A1:2002	Gúmmikenndar þéttingar – Efniskröfur varðandi rörtengipéttingar sem notaðar eru í vatns- og frárennislagnir – 3. hluti: Blöðrótt efni úr hitahertu gúmmí	1.1.2003	1.1.2004
CEN	EN 681-4:2000/ A1:2002	Gúmmikenndar þéttingar – Efniskröfur varðandi rörtengipéttingar sem notaðar eru í vatns- og frárennislagnir – 4. hluti: Þéttingar úr steypu pólýuretani	1.1.2003	1.1.2004
CEN	EN 1344:2002	Götusteinar úr leir ásamt fylgihlutum fyrir lögn á sand – Kröfur og prófunaraðferðir	1.1.2003	1.1.2004
CEN	EN 1917:2002	Mannop og eftirlitsbrunnar úr steinsteypu, óbent, með stáltreffjum og með bendistáli	1.8.2003	23.11.2004
CEN	EN 12004:2001/ A1:2002	Flísalím – Skilgreiningar og eiginleikar	1.4.2003	1.4.2004
CEN	EN 12620:2002	Fylliefni í steinsteypu	1.7.2003	1.6.2004
CEN	EN 13055-1:2002	Létt fylliefni – 1. hluti: Létt fylliefni fyrir steinsteypu, múr og þunnfljótandi múr	1.3.2003	1.6.2004
CEN	EN 13139:2002	Fylliefni í múr	1.3.2003	1.6.2004
CEN	EN 13383-1:2002	Grjótvörn – 1. hluti: Eiginleikar	1.3.2003	1.6.2004

Evrópsk staðla- stofnun (¹)	Tilvísunarnúmer	Heiti staðalsins	Dagur sem staðallinn öðlast gildi sem evrópskur samhæfður staðall í samræmi við a-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 89/106/EEB	Síðasti dagur sem báðir staðlar teljast gildir (²)
CEN	EN 13502:2002	Reykháfar – Kröfur og prófunaraðferðir fyrir hettur úr keramik á reykháfa	1.8.2003	1.8.2004
CEN	EN 13564-1:2002	Vatnstjónavarnanemar í byggingar – 1. hluti: Kröfur	1.5.2003	1.5.2004
CEN	EN 13813:2002	Ílagnarefni og gólfilögn – Ílagnarefni – Eiginleikar og kröfur	1.8.2003	1.8.2004

(¹) Evrópskar staðlastofnanir:

- CEN: rue de Stassart/De Stassartstraat 36, B-1050 Brussel, sími (32-2) 550 08 11, bréfasími (32-2) 550 08 19 (www.cenorm.be)
- Cenelec: rue de Stassart/De Stassartstraat 35, B-1050 Brussel, sími (32-2) 519 68 71, bréfasími (32-2) 519 69 19 (www.cenelec.be)
- ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis Cedex, sími (33-4) 92 94 42 00, bréfasími (33-4) 93 65 47 16 (www.etsi.org)

(²) Síðasti dagur sem báðir staðlar teljast gildir er sami dagur og innlendar tæknilýsingar sem stangast á við staðalinn eru felldar úr gildi, og eftir þann dag ber að ganga út frá samræmi við samhæfðar evrópskar forskriftir (samhæfða staðla eða evrópsk tæknisamþykki).

Þær þýðingar á staðlaheimum, sem standa hér, eru frá CEN og eru „opinberar“ þýðingar frá innlendum staðlastofnunum.

Athugasemd:

Upplýsingar um fyrirleggjandi staðla fást bæði hjá evrópskum staðlasamtökum og innlendum staðlastofnunum. Upplýsingar um fyrirleggjandi viðmiðunarreglur um evrópsk tæknisamþykki fást bæði hjá Evrópusamtökum um tæknisamþykki (EOTA) og aðildarríkjum samtakanna.

Þótt tilvísanirnar séu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau merkir það ekki að staðlarnir séu fánlegir á öllum tungumálum EES-ríkjanna.

Samhæfðir tæknilegir staðlar, sem varða tilskipunina um byggingarvörur, hafa birst áður í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Allan listann má finna uppfærðan á Internet-vefþjóninum Europa á eftirfarandi slóð:

<http://europa.eu.int/comm/enterprise/construction/internal/specdef/speclists.htm>